

Efnisyfirlit:

| | |
|---|---|
| 1. Inngangur | 2 |
| 2. Helstu niðurstöður tillögu að fjárhagsheimildum fyrir árið 2018 | 2 |
| 3. Almennar upplýsingar | 3 |
| 4. Fjárhagslegar forsendur fyrir tillögum að fjárheimildum fyrir árið 2018 | 3 |
| 5. „Brúin til framtíðar“ | 4 |
| 6. Helstu niðurstöður tillögu að fjárheimildum fyrir árið 2018 í samanburði við niðurstöðu fjárhagsáætlunar ársins 2017 | 5 |
| 7. Veltufé frá rekstri, framlegð og skuldahlutfall | 7 |
| 8. Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2018 | 7 |
| 9. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árin 2019 – 2021 | 8 |
| 10. Að lokum | 9 |

Viðauki I: Tillaga að fjárhagsáætlun Borgarbyggðar fyrir árin 2018 - 2021

1. Inngangur

Tillaga að fjárheimildum Borgarbyggðar fyrir árið 2018 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2019- 2021 er hér lögð fram til seinni umræðu. Fjárhagsáætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Meginforsendur þeirrar vinnu sem liggur að baki áætlunarinnar er að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í rekstri stofnana sveitarfélagsins samhliða því að standa vörð um gæði þeirrar þjónustu sem íbúum sveitarfélagsins er veitt. Áfram verður haldið á þeirri braut að lækka álagningarhlutfall A-hluta fasteignaskatts. Verkefnið „Heilsueflandi sveitarfélag“ setur sín spor á fjárhagsáætlunina. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skal sveitarstjórn á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlunir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu. Samkvæmt 63. gr. sveitarstjórnarlaga skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Starfsemi sveitarfélagsins er skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga skipt í tvo hluta, A- hluta og B- hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignarsjóðs. Undir hann fellur allur rekstur málaflokka, eignarsjóðs sem annast fjárfestingar og viðhald fasteigna og menningarsjóður. A-hluti er fjármagnaður að meiri hluta með skatttekjum sveitarfélagsins. Í B-hluta eru stofnanir sem að hálfu eða meirihluta til eru í eigu Borgarbyggðar, eru fjármagnaðar 50% eða meira með þjónustutekjum og reknar sem sjálfstæðar einingar. Í tilfelli Borgarbyggðar er um að ræða sorphirðu, fjallskilasjóði, félagslegar íbúðir, Menningarhúsið Hjálmaklett, Menntaskóla Borgarfjarðar, nemendagarða MB, Reiðhöllina Vindás, og viðbyggingu hjúkrunar- og dvalarheimilisins að Brákarhlíð.

Síðustu misseri hefur átt sér stað mikil vinna varðandi aukið aðhald í rekstri, aðgerðir til að draga úr rekstrarkostnaði ásamt því að leita leiða til að bæta þjónustuna án útgjaldaauka. Í því samhengi hefur verið lögð áhersla á að standa vörð um lögbundna starfsemi sveitarfélaga og gæði þjónustunnar. Mikilvægt er að afkoma sveitarfélagsins sé á þann veg að sviðrúm skapist úr rekstri til að greiða niður skuldir og fjármagna nýframkvæmdir. Áframhaldandi aðhalds er gætt í fyrirbyggjandi drögum að fjárhagheimildum og unnið verður eftir því markmiði að nýta skattfé íbúanna eins vel og kostur er.

2. Helstu niðurstöður tillögu að fjárheimildum fyrir árið 2018

- Heildartekjur samstæðu A+B hluta á árinu 2018 eru áætlaðar 3.913 m.kr. Heildargjöld eru áætluð 3.679 m.kr. Heildartekjur í A-hluta eru áætlaðar 3.532 m.kr. og heildarútgjöld eru áætluð 3.346 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld 2.032 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.212 m.kr. og afskriftir 101 m.kr.
- Hrein fjármagnsgjöld samstæðu eru áætluð 121 m.kr. og 61 m.kr. hjá A-hluta. Það er lækkun um 6 m.kr. frá áætlun fyrra árs.
- Rekstrarafgangur samstæðu A+B hluta er áætlaður 113,1 m.kr. en af A-hluta 124,5 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu A+B hluta í árslok 2018 eru áætlaðar 4.452 m.kr. og 2.558 m.kr. í A-hluta. Munur á skuldum og skuldbindingum í samstæðu A+B hluta annarsvegar og í A-hluta hins vegar skýrist aðallega af skuldum vegna Hjálmakletts, en þar koma á móti leigutekjur að hluta vegna leigusamnings við Menntaskóla Borgarfjarðar og síðan vegna viðbyggingar við Hjúkrunarheimilið Brákarhlíð en þar koma á móti að fullu

leigutekjur frá ríkinu vegna greiðslu afborgana og fjármagnskostnaðar.

- Eigið fé samstæðu A+B hluta er 2.745 m.kr. og A-hluta 2.733 m.kr.
- Í sjóðstreymisyfirliti er veltufé frá rekstri árið 2018 í samstæðu A+B hluta áætlað 379 m.kr. en 341 m.kr. ef einungis er litið til A-hluta.
- Gert er ráð fyrir fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 564 m.kr. í samstæðuhluta en vegna breytinga á langtímakröfum verði fjárfestingarhreyfingar 482 m.kr.
- Afborganir langtímalána eru 244 m.kr. fyrir samstæðu A+B hluta en 196 m.kr. fyrir A-hluta.
- Ekki er gert ráð fyrir að taka ný langtímalán á árinu. Áætlað er að í árslok 2018 verði handbært fé um 109 m.kr. fyrir samstæðuna og 15 m.kr. fyrir A-hlutann.

3. Almennar upplýsingar

Hér á eftir er birt yfirlit um þróun nokkurra lykilstærða sem gefa góða mynd af þróun fjármála innan sveitarfélagsins.

Íbúáþróun

Upplýsingar um íbúáþróun í Borgarbyggð eru sóttar til Hagstofu Íslands. Í töflu 1 eru birtar upplýsingar um íbúáþróun í Borgarbyggð síðustu ára og spá þar um fram til ársins 2020.

Þann 1. desember 2017 voru íbúar Borgarbyggðar 3.750 talsins. Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu árin eftir nokkra fólksfækkun árin þar á undan. Allar forsendur eru til að ætla að sama þróun haldi áfram á næstu árum.

Tafla 1. Íbúáþróun síðustu ára í Borgarbyggð og spá fram til ársins 2021.

Spá

| Ár | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|--------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Fjöldi í ársbyrjun | 3535 | 3539 | 3610 | 3680 | 3750 | 3825 | 3902 | 3980 |
| Árleg fjölgun % | 0,10% | 2,00% | 1,90% | 2,00% | 2,00% | 2,00% | 2,00% | 2,00% |
| Árleg fjölgun | 4 | 71 | 70 | 70 | 75 | 77 | 78 | 78 |
| Fjöldi í árslok | 3539 | 3610 | 3680 | 3750 | 3825 | 3902 | 3980 | 4058 |

Íbúum í Borgarbyggð hefur fjölgað um 2,0% á ári síðustu tvö árin. Hér er reiknað með áþekkri þróun á komandi árum. Rétt rúm 51% íbúanna búa í Borgarnesi og tæp 49% þeirra búa annarsstaðar í héraðinu. Nánari upplýsingar um íbúafjölda á þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins koma fram í töflu 2.

Tafla 2. Íbúáþróun í þéttbýliskjörnum Borgarbyggðar á árunum 2014-2017

| Ár | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|------------------|-------|-------|-------|-------|
| Borgarnes | 1.824 | 1.865 | 1.887 | 1.946 |
| Hvanneyri | 250 | 260 | 268 | 272 |
| Kleppjárnsreykir | 47 | 51 | 48 | 42 |
| Bifröst | 251 | 208 | 208 | 182 |

Íbúum í Borgarnesi og á Hvanneyri hefur fjölgað á liðnum árum, Kleppjárnsreykir standa nokkuð í stað en íbúafjöldi á Bifröst hefur dregist töluvert saman á liðnum árum.

Starfsmannafjöldi


Starfsmenn sveitarfélagsins eru samtals um 300 en heildarfjöldi stöðugilda nokkuð færri.

Fjárhagslegar lykiltölur

Veltufé frá rekstri er ein mikilvægasta lykiltalan er varðar reksturinn og afkomu sveitarfélagsins í hlutfalli við aðrar stærðir. Veltufé frá rekstri er það fjármagn sem er til staðar til ráðstöfunar í afborgarnir skulda og fjárfestingar þegar búið er að greiða allan rekstrarkostnað. Hér verður farið í stuttu máli yfir nokkrar lykiltölur í þessu sambandi til að skýra enn frekar út þá fjárhagslegu þróun sem hefur átt sér stað hjá sveitarfélaginu á liðnum árum.

Í mynd 1 kemur fram hlutfall veltufjár frá rekstri hjá A-hluta á árunum 2011 til 2018. Miðað er við útkomuspá fyrir árið 2017 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.


Mynd 1. Veltufé frá rekstri % af heildartekjum (2011-2018)



Í mynd 1 kemur fram að hlutfall veltufjár frá rekstri minnkaði á árunum 2011-2014 en hefur aukist síðan þá og er orðið hærra og er í góðu jafnvægi á árunum 2015-2018. Að jafnaði er talið að þegar hlutfall veltufjár af heildartekjum sé orðið ásætlanlegt þegar það er um eða yfir 9% að því gefnu að skuldastaða sé innan hóflegra marka.


Í mynd 2 kemur fram hlutfall veltufjár frá rekstri og afborgana langtímalána. Hér sést hve auðvelt sveitarfélagið á með að greiða afborganir langtímalána með veltufé frá rekstri. Á árunum 2016 til 2018 er veltufé um 1,5-2,5 sinnum hærra en afborganir langtímalána. Það er veruleg breyting frá því sem var á árabílinu 2011-2014.

Mynd 2. Hlutfall veltufjár frá rekstri og afborgana langtímalána (2011-2018)



Með því að reikna út hlutfall milli langtímalána og veltufjár frá rekstri þá sést hve mörg ár sveitarfélagið væri að greiða upp öll langtímalán ef öllu veltufé frá rekstri væri ráðstafað til þess. Vitaskuld er þetta óraunhæft markmið en þó gefur kennitalan til kynna hve auðvelt sveitarfélagið á með að greiða niður sín langtímalán og standa þannig við skuldbindingar sínar. Á mynd 3 kemur fram að á árinu 2014 hefði það tekið sveitarfélagið hátt í fjórtán ár að greiða upp öll langtímalán með veltufé ársins. Árið 2018 er fyrirhugað að rekstrarafkoma sveitarfélagsins verði á þann veg að það myndi taka rúm 7 ár að greiða niður öll langtímalán sveitarfélagsins ef öllu veltufé þess frá rekstri væri ráðstafað til þess. Það gerist vitaskuld ekki í raunveruleikanum en sýnir vel hagstætt samspil milli áhvilandi langtímalána og þess fjár sem reksturinn skilar til afborgana og fjárfestinga.


Mynd 3. Hlutfall langtímalána og veltufjár frá rekstri (2011-2018)



Veltufjárhlutfall eða hlutfall milli veltufjármuna (lausafjár) og skammtímaskulda (skulda sem á að greiða innan eins árs) skiptir miklu máli. Þetta hlutfall má helst ekki vera lægra en 1,0 (skammtímaskuldir mega helst ekki vera hærri en lausafé. Fari svo er ætíð hætta á að ekki sé hægt að greiða reikninga á réttum tíma og þá er stutt í að dráttarvextir fari að hlaðast upp. Það skiptir einnig miklu máli fyrir sveitarfélagið sem opinberan aðila að tryggja sé að það greiði reikninga á réttum tíma.


Á mynd 4 kemur veltufjárhlutfallið fram yfir árin 2011-2018. Fram til ársins 2015 var hlutfallið undir 1,0 en hefur hækkað verulega. Það á meðal annars rætur sínar að rekja til sölu eigna sem hefur bætt lausafjárhlutfallið.

Mynd 4. Veltufjárhlutfall (hlutfall veltufjármuna og skammtímaskulda) (2011-2018)



Skuldahlutfall sýnir hlutfall milli heildarskulda og heildartekna. Því lægra hlutfall sem skuldir eru af heildartekjum, því meiri stöðugleiki er í efnahag og rekstri sveitarfélagsins svo fremi að afkoman sé að öðru leyti ásættanleg. Skuldahlutfall Borgarbyggðar hefur farið jafnt og þétt lækkandi á undanförunum árum. Almenna viðmiðið er að staðan sé orðin ásættanleg þegar skuldahlutfallið er komið undir 150%. Þegar skuldahlutfallið er komið undir þessi mörk eru sveitarfélögin laus undan viðmiðunum Eftirlitsnefndar sveitarfélaga. Þróun skuldahlutfalls A+B hluta Borgarbyggðar kemur fram á mynd 5.

Mynd 5. Skuldahlutfall A+B hluta % (2011-2018)



4. Fjárhagslegar forsendur fyrir tillögum að fjárheimildum fyrir árið 2018

Skatttekjur

Álagt útsvarshlutfall verður áfram hámarksútsvar eða 14,52%. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 6,5% eða 104 m.kr. frá útkomuspá ársins 2017 og verði 1711,2 m.kr. á árinu 2018 til samanburðar við 1.606,7 í áætlun ársins 2017.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall fyrir A hluta fasteignaskatts lækki úr 0,47% í 0,45% á árinu 2018. Álagningarhlutfall fyrir B hluta er lögbundið en álagningarhlutfall fyrir C hluta verði óbreytt. Búið er að taka tillit til hækkun fasteignamats samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands fyrir árið 2017. Samkvæmt útgefnu mati þá hækkar fasteignamat í Borgarbyggð um 16,4% milli ára og lóðamat um 41,4%. Til samanburðar þá hækkar fasteignamat á landinu öllu um 13,8% milli ára og mat á lóðum um 14,6%.

Forsendur fyrir álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu á árinu 2018:

1. Fasteignaskattur verði 0,45% af fasteignamati íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Hámarksálagning er 0,52%
2. 1,32% af fasteignamati skv. b-lið 3. gr., laga um tekjustofna sveitarfélaga
3. 1,55% af fasteignamati allra annarra fasteigna skv. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Hámarksálagning er 1,65% .
4. Lóðarleiga verði 1,5% af fasteignamati íbúðarhúsalóða og 2,0% af fasteignamati annarra lóða.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur vegna fasteignaskatts verði 494 m.kr. m.kr. árið 2018 sem er 7,3% hækkun milli ára. Lækkun álagningarhlutfalls fasteignaskatts í A-hluta hefur í för með sér að álagður fasteignaskattur lækkar um nálægt 23 m.kr. sé miðað við óbreytt álagningarhlutfall milli ára. Tekjur af lóðarleigu verði 68 m.kr. sem er 5,5% hækkun milli ára.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru sett fram samkvæmt útgefnum áætlunum jöfnunarsjóðs fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir að framlög jöfnunarsjóðs verði 987 m.kr. á árinu 2018 sem er 12,2% hækkun samanborið við áætlun ársins 2017. Þessi hækkun kemur til vegna aukinna tekna jöfnunarsjóðsins sem hefur tekjur sínar m.a. sem hlutfall af beinum og óbeinum skatttekjum ríkissjóðs.

Gjaldskrár.

Fyrir liggja gjaldskrár vegna starfsemi Borgarbyggðar. Hækkun gjaldskráa tekur mið af spá um verðlagsþróun og er gert ráð fyrir 1,5% hækkun á öllum gjaldskráum öðrum en þeim sem samkvæmt samþykktum taka hækkunum í takt við byggingarvísitölu. Þar er gert ráð fyrir 3,0% hækkun.

Laun og annar rekstrarkostnaður.

Hér verður farið yfir launahluta í rekstri samstæðu A+B hluta Borgarbyggðar. Þar er um að ræða heildarrekstur sveitarfélagsins.

Áætlun um laun byggir á áætlunum sviðsstjóra, stjórnenda og forstöðumanna einstakra stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutfall þeirra, stöðu kjarasamninga og yfirvinnu. Laun og launatengdur kostnaður er 58,3% af heildarrekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Það er lægra hlutfall en á síðasta ári en þá var hlutfall launa af heildarrekstrarkostnaði 59,4%. Sé hlutfall launa og launatengdra gjalda tekið sem hlutfall af heildartekjum þá verður það 56,3% á árinu 2018

samanborið við 58,3% í útkomuspá fyrir árið 2017. Heildarlaunakostnaður hækkar um 58,8 m.kr. milli ára. Launavísitala skv. Þjóðhagsspá er notuð til að framreikna laun og launatengd gjöld og útsvar í fjögurra ára áætlun. Neysluvísitala samkvæmt Þjóðhagsspá er notuð til að áætla aðra liði langtímaáætlunar. Samkvæmt Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir 1,5% hækkun á vísitölu neysluverðs á árinu 2018.

5. „Brúin til framtíðar“

Á sveitarstjórnarfundi þann 11. Júní 2015 samþykkti meirihluti sveitarstjórnar eftirfarandi tillögu um markmið í fjármálum á grundvelli skýrslu KPMG; Brúin til framtíðar. Tillagan byggði á fjórum meginmarkmiðum. Þau eru sem hér segir:

- Hækkun framlegðar
Framlegð verði bætt um allt að 200 m.kr. miðað við árið 2014. Það markmið náist í síðasta lagi árið 2017.
- Fjárflæði frá A-hluta yfir í B-hluta
Starfsemi í B-hluta verði sjálfbær og framlög A-hluta til B-hluta ætíð vel rökstudd.
- Fjárfestingar til framtíðar
Mögulegt verði að fjárfesta fyrir allt að 200 m.kr. á ári að jafnaði án hækkunar skuldahlutfalls.
- Sala eigna og endurskipulagning skulda
Samsetning skulda endurspegli samsetningu eigna og greiðslugetu. Farið verði í innlausn eigna fyrir allt að 500 m.kr. til lækkunar skulda og til fjárfestinga.

Unnið hefur verið eftir þessari áætlun frá því hún var samþykkt. Hún hefur gengið eftir að miklu leyti eins og kemur fram í framlagðri fjárhagsáætlun. Þó vantar á að öll starfsemi B-hluta fyrirtækja sé sjálfbær. Þar er Hjálmaklettur stærsta verkefnið sem þarf að vinna að. Í öðru lagi hefur sett markmið um sölu eigna ekki náðst að fullu enn sem komið er.

Þau viðmið sem sett voru með samþykkt Brúarinnar hafa verið notuð sem viðmið um hvernig gangi að ná og viðhalda settum markmiðum við styrkingu á fjárhags sveitarfélagsins. Farið er reglulega yfir stöðuna með starfsmönnum KPMG og fyrirliggjandi niðurstaða borin saman við sett markmið. Rekstrarleg markmið hafa þegar náðst og verður unnið að því að viðhalda þeim utan að sjálfbærni B-hluta fyrirtækja hefur ekki náðst enn. Markmið varðandi innlausn eigna er langt komið og verður unnið að því áfram að ná settu marki í þeim efnum.

6. Helstu niðurstöður tillögu að fjárheimildum fyrir árið 2018 í samanburði við niðurstöðu fjárhagsáætlunar ársins 2017

Þeim hagræðingaraðgerðum sem unnið hefur verið að í þeim tilgangi að auka framlegð af rekstri verður fylgt eftir í öllum meginatriðum. Vítaskuld hafa ýmis atriði sem ekki verður við ráðið töluverð áhrif á niðurstöðuna svo sem launahækkanir og breytingar á lífeyrisskuldbindingum. Að öðru leyti hefur stefnu fyrra árs verið fylgt.

Félagsþjónusta

Framlag til félagsþjónustu verður á árinu 2018 samtals 397 m.kr. Til samanburðar var framlag á árinu 2017 samtals 374 m.kr. Starfsemi er að mestu leyti óbreytt. Vegna starfsloka fyrri félagsmálastjóra bættist viðbótarkostnaður við kostnað deildarinnar á síðasta ári.

Heilbrigðismál

Framlag til heilbrigðismála er 4,4 m.kr. Hér er fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og verkefnisins um heilsueflandi samfélags.

Fræðslu- og uppeldismál

Framlag til fræðslu- og uppeldismála verður á árinu 2018 samtals um 1.819 m.kr. Til samanburðar var framlag til fræðslu- og uppeldismála á árinu 2017 1.767 m.kr. Hækkun rekstrarkostnaðar er 2,8%. Hér er um að ræða stærsta einstaka málaflokk í rekstri sveitarfélagsins og því skiptir miklu máli hvernig þróun hans er.

Stöðugildum hefur fækkað milli ára í Grunnskóla Borgarness þrátt fyrir óbreyttan nemendafjölda. Mötuneyti grunnskóla og leikskóla sem starfrækt eru á Hvanneyri hafa verið sameinuð sem leiðir af sér sparnað í mannhaldi.

Menningarmál

Framlag til menningarmála verður 116 m.kr. á árinu 2018. Framlag til þessa málaflokks var 113 m.kr. á árinu 2017. Þar má benda á kostnað sem til féll vegna ritunar á Sögu Borgarness. Því verkefni var lokið á árinu 2017.

Æskulýðs – og íþróttamál.

Framlag til æskulýðs- og íþróttamála verður 320 m.kr. á árinu 2018. Til samanburðar þá var gert ráð fyrir 289 m.kr. í þennan málaflokk á árinu 2017. Gætt er aðhalds á öllum liðum eftir því sem unnt er. Einstakir miðar í sundlaugar voru hækkaðir úr 600 kr. í 900 kr. á árinu 2017 til að mæta sívaxandi fjölgun ferðafólks sem leiðir af sér aukinn launakostnað yfir háannatímann. Frístundakortið var tekið upp í ársbyrjum 2017. Tilgangur frístundakortsins er að gera foreldrum auðveldara fyrir með að láta börn sín stunda tómstundir og draga þannig úr þeim mismun sem mismunandi efnahagur leiðir af sér. Alls verða settar 13 m.kr. í frístundakortið á næsta ári.

Brunamál og almannavarnir

Framlag til brunavarna og almannavarna verði 31 m.kr. Til samanburðar var gert ráð fyrir 34 m.kr. á fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Munurinn felst í leiðréttingu á launum sem giltu aftur í tímann.

Hreinlætismál

Framlag til hreinlætismála verði 376 þ.kr.

Skipulags- og byggingarmál

Framlag til skipulags- og byggingarmála verði 103 m.kr. Til samanburðar var gert ráð fyrir 90 m.kr. í þennan málaflokk á árinu 2017. Miklar framkvæmdir í Borgarbyggð kalla á aukinn mannafla en þær leiða einnig af sér auknar tekjur.

Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála verði 117 m.kr. á árinu 2018. Til samanburðar var gert ráð fyrir 105 m.kr. á fjárhagsáætlun ársins 2017. Aukin verkefni áhaldahúss og minni aðkeypt þjónusta í ýmis grunnverkefni hafa haft í för með sér ákveðna hagræðingu. Áfram er unnið að reglubundnu viðhaldi gangstétta og gatna því þörfin er víða mikil.

Umhverfismál

Framlag til umhverfismála verði 41 m.kr. á árinu 2018. Til samanburðar var gert ráð fyrir 40 m.kr. á fjárhagsáætlun ársins 2017.

Atvinnumál

Framlag til atvinnumála verði um 16 m.kr. á árinu 2018. Til samanburðar var gert ráð fyrir 17 m.kr. á fjárhagsáætlun ársins 2017. Verkefnið um lagningu ljósleiðara í Borgarbyggð sem nefnt hefur verið „Borgarljós“ verður fært í sérstakt B-fyrirtæki og því lækka framlög til atvinnumála sem því nemur.

Sameiginlegur kostnaður

Framlag til sameiginlegs kostnaðar verði 238 m.kr. á árinu 2018. Til samanburðar var gert ráð fyrir 225 m.kr. á árinu 2017.

Lífeyrisskuldbindingar

Gert er ráð fyrir að breyting lífeyrisskuldbindinga verði 76 m.kr. Þessi fjárhæð er yfirleitt byggð á líkum frekar en á handföstum forsendum.

Ekki liggja fyrir endanlegar niðurstöður um uppgjör við lífeyrissjóðinn BRÚ í kjölfar breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá sl. ári nr. 127/2016. Uppgjörið skiptist í þrjá hluta.

1. Jafnvægisjóður sem er uppgjör á halla áfallinna lífeyrisskuldbindinga A-deildar þann 31. Maí 2017.
2. Lífeyrisaukasjóður sem er uppgjör á reiknuðum framtíðarskuldbindingum frá 31. Maí 2017.
3. Varasjóður sem er uppgjör á varúðarsjóði sem ætlað er að standa til vara að baki lífeyrisaukasjóðnum ef eignir hans duga ekki til að hann geti staðið við hlutverk sitt.

Í bráðabirgðaupplýsingum frá lífeyrissjóðnum BRÚ kemur fram að fjárþörf Jafnvægisjóðs gæti verið nær 71 m.kr. Sveitarfélögum er heimilt að færa til eignar sem fyrirframgreiðslur framlög við uppgjör A-deildar Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2017 vegna reiknaðs framtíðarhalla A-deildar sjóðsins. Um er að ræða framlög í Lífeyrisaukasjóð og Varasjóð. Fyrirframgreiðslur í Lífeyrisaukasjóð vegna áætlaðs framtíðarhalla gætu numið 194 m.kr. Þær skal gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á 30 árum. Fyrirframgreiðslur vegna Varasjóðs gætu numið um 21 m.kr. Þær skal gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á 20 árum.

Eignasjóður

Fasteignir sveitarfélagsins eru færðar í sjálfstæðan eignasjóð innan A-hluta. Hann annast viðhald fasteigna, fjárfestingar svo og kaup og sölu eigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir út fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins og innheimtir innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað viðkomandi fasteignar. Í eignasjóði er gert ráð fyrir að í viðhald fasteigna fari 63,1 m.kr. og um 9,2 m.kr. í viðhald lóða. Eignasjóður þarf þar að auki að standa undir fjármagnskostnaði og afskriftum vegna eigna. Gert er ráð fyrir að eignasjóður skili jákvæðri niðurstöðu upp á 119 m.kr.

Sjóðir í B-hluta

Í B-hluta starfsemi sveitarfélagsins eru stofnanir sem að hálfu eða að meirihluta til eru í eigu þess og eru fjármagnaðar að helmingi til eða meira með þjónustutekjum. Þær eru einnig reknar sem sjálfstæðar rekstrareiningar. Þetta eru sorphirða, fjallskilasjóðir, Reiðhöllin Vindás, félagslegar íbúðir, Hjálmaskóli, Menntaskóli Borgarfjarðar, Nemendagarðar MB og viðbygging hjúkrunar- og dvalarheimilisins að Brákarhlíð.

B-hluta stofnanir eru flestar sjálfbærar í rekstri. Þó skal minnt á að sorphirða verður rekin með halla á næsta fjárhagsári þar sem ekki þótti mögulegt að hækka gjaldskrá til að mæta að fullu

auknum kostnaði við sorphirðu í sveitarfélaginu í kjölfar niðurstöðu á útboði á sorphirðu sem fór fram fyrr á þessu ári. Í kjölfar útboðs á sorphirðu á síðari hluta fyrra árs lauk samstarfi Akranesskaupstaðar og Borgarbyggðar í sorphirðumálum. Borgarbyggð bauð í framhaldi af því út sorphirðu í sveitarfélaginu með þeirri niðurstöðu að kostnaður við sorphirðu hækkaði verulega.

Minnt skal á í þessu sambandi að mikilvægt er að auka sjálfbærni Hjálmakletts. Hluti húsnæðisins er í útleigu til Menntaskóla Borgarfjarðar sem greiðir árlega leigu til sveitarfélagsins. Mikil umræða hefur farið fram um að leita leiða til að auka nýtingu á þeim hluta húsnæðisins sem ekki er í reglulegri útleigu. Bygging hótels við Borgarbraut gefur fyrirheit um ákveðna möguleika í þeim efnum. Einnig hefur verið mikið fjallað um aðra möguleika í þessum efnum en án niðurstöðu. Fjallskilasjóðir verða einnig reknir með halla ef fer sem horfir. Víða er komið að verulegu viðhaldi í leitarmannahúsum.

7. Veltufé frá rekstri, framlegð og skuldahlutfall

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur verði 9,7% í A-hluta og 9,7% í A+B hluta. Samsvarandi tölur frá árinu 2017 voru 8,3% og 8,5%. Það er grundvallar forsenda í rekstri sveitarfélaga til framtíðar og þar af leiðandi einnig í áætluninni „Brúin til framtíðar“ að veltufé frá rekstri og framlegð sé á því stigi að hægt sé að greiða afborganir lána og standa undir fjárfestingum án þess að taka lán nema í undantekningartilvikum. Hátt hlutfall veltufjár frá rekstri skapar forsendur fyrir sjálfbærum rekstri og svigrúmi fyrir eðlilegu fjárfestingastigi. Í „Brúnni til framtíðar“ var lagt upp með að bæta þyrfti framlegð um 200 m.kr. frá árinu 2014. Það markmið náðist á árinu 2016. Niðurstöðunni var fylgt eftir á árinu 2017 og verður einnig á árinu 2018. Það liggur hins vegar í augum uppi að það þarf að viðhalda stöðugu aðhaldi með rekstrinum til að náist að halda settum markmiðum. Mestu varðar í þeim efnum hvernig þróun launamála og starfsmannahalds hjá sveitarfélaginu verður því hvert nýtt stöðugildi kostar verulega fjármuni.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A+B hluta verði 113 m.kr. og 124 m.kr. hjá A-hluta. Veltufjárhlutfall er áætlað 0,89 hjá A-hluta og 0,91 hjá A+B hluta. Skuldahlutfall A+B hluta er áætlað 113,8% á árinu 2018 og hefur það farið lækkandi ár hvert á undanförunum árum.

8. Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2018

Heildarfjárfesting samstæðu á árinu 2018 er áætluð 584 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru fluttar um 249 m.kr. frá árinu 2017 þar sem ekki tókst að hefja þær framkvæmdir á árinu 2017 sem ætlað var. Munar þar mestu um viðbyggingu við Grunnskólann í Borgarnesi og Leikskólann Hnoðraból. Stærstu verkefni á árinu 2018 eru sem hér segir:

- Fyrsti áfangi viðbyggingar við Grunnskólann í Borgarnesi. Stefnt er að útboði verksins í upphafi árs 2018 þannig að framkvæmdir eiga að geta hafist snemma árs 2018. Stefnt er því að framkvæmdum við þetta mikla verk verði að miklu leyti lokið í árslok 2020. Útboðsgögn liggja ekki enn fyrir en í þeim verður að finna nákvæmari upplýsingar um sundurliðun á einstökum verkhlutum og kostnaði við þá.
- Nýbygging yfir leikskólann Hnoðraból á Kleppjárnsreykjum. Framkvæmdin er enn á undirbúningsstigi.
- Lagning ljósleiðara um héraðið verður hafin af krafti á næsta ári ef allt gengur eftir sem ætlað er. Styrkur úr Fjarskiptasjóði í nóvember sl. nam 33 m.kr. og á fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 eru lagðar 100 m.kr. til verksins. Þar að auki hafa fengist byggðatengdir styrkir að fjárhæð 27 m.kr.
- Unnið verður að lagningu gangstíga og gangstétta í Borgarnesi. Einnig verður unnið við Miðbæjarsvæði.

- Kaldavatnsveita á Varmalandi og Álftanesveita verða lagfærðar.
- Götur við Borgarbraut og Ánahlíð í Borgarnesi verða lagfærðar auk annarra minni verkefna.
- Framkvæmdir hefjast við nýtt hverfi á Hvanneyri sem nefnist Rjúpnaföt.

9. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árin 2019 – 2021

Tekjur og gjöld:

- Grunnforsenda fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2019-2021 er áætlun um fjárheimildir fyrir árið 2018 eins og hún er lögð hér fram til fyrri umræðu.
- Áætlunin tekur mið af kostnaðarverðlagi ársins 2018. Kostnaðarliðir aðrir en laun breytast í takt við spá um breytingu neysluverðsvisítölu.
- Útsvarstekjur breytast á milli ára í takt við launavísitölu eins og hún er áætluð í Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.
- Gert er ráð fyrir að launakostnaður breytist í takt við spá um þróun launavísitölu í Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.
- Í áætluninni er gert ráð fyrir að hækkun lífeyrisskuldbindinga verði með svipuðum hætti og er á árinu 2018.

Tafla 3. Helstu forsendur þriggja ára áætlunar.

| Ár | 2019 | 2020 | 2021 |
|----------------------|------|------|------|
| Launavísitala | 5,9% | 4,6% | 4,3% |
| Vísitala neysluverðs | 2,9% | 2,7% | 2,6% |

Fjárfestingar:

- Gert er ráð fyrir að fjárfestingar á hverju ári verði í samræmi við framkvæmdaáætlun sem fyrir liggur. Enda þótt víða sé þörf á framkvæmdum þá verður fjárhagsleg geta sveitarfélagsins að ráða ferðinni hvað varðar forgangsröðun og framkvæmdahraða. Stærstu verkefni verða áfram viðbygging við Grunnskólann í Borgarnesi, bygging leikskólans Hnoðrabóls á Kleppjárnsreykjum og lagning ljósleiðara um dreifðar byggðir Borgarbyggðar. Á seinni hluta tímabilsins er áætlað að aukin áhersla verði lögð á endurbætur á skólahúsnæði Grunnskóla Borgarfjarðar og framkvæmdir við íþróttamannvirki sveitarfélagsins.

Lántökur:

- Vegna þess framkvæmdastigs sem gert er ráð fyrir á árunum 2019, 2020 og 2021 er gert ráð fyrir lántökum til að mæta hluta þeirra fjárfestinga sem gert er ráð fyrir. Framundan eru verulegar framkvæmdir eftir að fjárhagslegt svigrúm til nýframkvæmda hafði verið mjög takmarkað um nokkurra ára skeið. Þess ber þó að geta að markmiðið er að framlag sveitarfélagsins til lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið verði endurgreitt með afnotagjöldum af ljósleiðarakerfinu á ákveðnu árabili. Í þriggja ára áætlun fyrir árin 2019-2021 er áætlað að samtals tekin verði ný lán að fjárhæð 600 m.kr. á árunum 2019-2021. Rétt

þykir að benda á að á sömu árum er áætlað að greiða niður eldri lán um samtals 770 m.kr. Þannig munu heildarskuldir lækka áfram enda þótt það gerist ekki eins hratt og hefur gerst á síðustu árum.

Tafla 4. Yfirlit um áætlaðar lántökur á árunum 2019-2021 og afborgarnir langtímalána á sama tímabili (m.kr.).

| Ár | 2019 | 2020 | 2021 | Samtals |
|-----------------------------------|------|------|------|---------|
| Áætluð lántaka | 150 | 250 | 200 | 600 |
| Áætlaðar afborgarnir langtímalána | 248 | 250 | 273 | 771 |
| Mismunur (lækkun lána) | 98 | 0 | 73 | 171 |

10. Að lokum

- Framlegð á tímabilinu verður öll árin um 390 m.kr.
- Veltufé frá rekstri verður á bilinu 397 - 435 m.kr. á ári sem eru um 10% af tekjum.
- Veltufjárhlutfall verður rúmlega 0,8 öll árin.
- Skuldahlutfall lækkar í 107,7 % á tímabilinu og má þá gera ráð fyrir að skuldaviðmið skv. reglugerð lækki í um 95% í lok árs 2021.

Með þeirri fjárhagsáætlun fyrir Borgarbyggð sem lögð er hér fram til seinni umræðu er haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið við að auka stöðugleika í fjármálum sveitarfélagsins, styrkja rekstur þess og fjárfestingargetu ásamt því að skapa svigrúm til aukinnar uppbyggingar. Mögulegt er að áætlunin geti tekið breytingum milli umræðna. Verði svo verður það skýrt sérstaklega fyrir seinni umræðu.

Sviðsstjórum, forstöðumönnum stofnana og öðru starfsfólki er þakkað þeirra framlag við að vinna innan þeirra rekstrarmarkmiða sem sveitarstjórn hefur sett. Starfsfólki sveitarfélagsins er þakkað mikið og faglegt framlag til undirbúnings við vinnslu fjárhagsáætlunar. Verkstjórn í þeim efnum hefur á hinn bóginn fyrst og fremst hvílt á herðum Eiríki Ólafssyni, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Tillaga um fjárheimildir fyrir árið 2018 og fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár þar á eftir er hér með lögð fram til seinni umræðu í sveitarstjórn Borgarbyggðar.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri